

**ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR**  
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



**Treflar í metratali og herrastígvél upp að hnjám**

Sundum lifir tískan bara fyrir sjálfa sig og hefur ekkert að gera með þægilegheit og vellíðan þeirra sem hana nota. Til dæmis þegar kjólar eru svo þröngir í mittið að konur eiga í erfiðleikum með að anda eða þegar allir karlmenn eiga að vera í stuttbuxum, sama hvernig sumarveðráttu háttar, allt í nafni þess að vera langflottastur. En svo kemur fyrir að kenjar tískunnar smellpassa við þarfir fólks. Þetta má segja um herratískuna í vetur þar sem mikil áherslan er lögð á fylgihluti og það mikilvægasta er að eiga risastóra trefla úr grófu þrjónaefni, því stærri því betri. Treflarnir eiga að hefjast um háls hvers og eins í það minnsta þrisvar sinnum. Hvað gæti fallið betur að íslensku vetrarveðri? Ég er reyndar hæstánægður með að hafa þrjóskað við og geymt gríðarlega langan trefil frá H & M. Því miður úr hreinu gerviefni sem mér hefur margsinis verið bent á að henda því hann taki svo mikið pláss í skápnum. Nú verður þessi trefill mikilvægasti fylgihlutur vetrarins. Treflarnir geta verið úr ósköp venjulegu þrjónaefni eða með ködlum, útþrjóni eða bútasami. Stundum einlitir, svartir eða grænir svo eitthvað sé nefnt, eða marglitir með munstri eða köflóttir og svo mætti áfram telja. Treflarnir fara vel við yfirhafnir eða þá þykkan kaðlapeysur sem flestar herralínur bjóða upp á í vetur til dæmis línan He frá Mango

eða hjá ódýrari merkjum eins og Zara og H & M.

Undanfarin misseri hafa hönnuðir reynt að innleiða leðurstígvél í fataskáp karlmanna en það verður að segjast eins og er að árangurinn er heldur lítilfjörlegur. Sjálfsgagt skortur á tiskulegu hugrekki eða að það sé spéhræðsla sem valdi. Upphá leðurstígvél sjást hins vegar meira en nokkru sinni í vetur. Það er svo aftur annað mál hvort þau seljist og nái alla leið út á götur en stígvélin hljóta að vera nokkuð góður varningur til að verjast fótculda.

Þröngar buxur sem eru nánast eins og saumaðar á húðina (leggings) hafa verið mikið uppi á dekki í kvéntískunni en nú eru þessar buxur einnig að skjóta sér inn í herratískuna, til dæmis hjá Kenzo. Þessar þröngu buxur eru ekkert líkar slim-gallabuxum Heidi Slimane, fyrrum hönnuðar Dior, en úr miklu þynnra efni, einna líkastar föðurlandi. Talandi um óhentuga vetrartísku eru þessar þunnu buxur líklega heldur léttar fyrir hina gömlu Frón.

Helsti kostur fylgihlutatískunnar er þó að hún er rakin leið til þess að spara því með henni er einfalt mál að dulbúa fatnaðinn frá því í fyrra með tilföllum ódýrum hætti ef vilji er fyrir hendi. Og enn og aftur sannast að það á aldrei að henda neinu þegar tískan er annars vegar.

bergb75@free.fr



Hægt er að fá armbönd, hálsmen og eyrnalokka í hinni nýju línu Fríðu.

**Hannar skart út frá gamalli rúmfjöllum**

**Fríða Jónsdóttir gullsmiður hefur hannað nýja skartgripalínu sem sýnd verður í Ráðhúsinu um helgina.**

„Nýja línan er þjóðleg enda unnin upp úr gömlu mynstri,“ segir Fríða Jónsdóttir gullsmiður á Strandgötu 43 í Hafnarfirði. Hún hefur hannað nýja skartgripalínu sem sýnd verður í fyrsta sinn á sýningunni Handverk og hönnun um helgina.

„Þetta er ólíkt því sem ég hef áður gert og kannski svolítið afturhvarf til ömmutímans,“ segir Fríða en mynstrið á armböndin, hálsmenin og eyrnalokkana vinnur hún upp úr gömlum rúmfjöllum sem síðar voru notaðar sem skrautmunir á heimilum.

Fríða útskrifaðist sem gullsmiður árið 1992. Hún lærði hér heima og í Kaupmannahöfn en byrjaði að smíða og hanna sína eigin skartgripa árið 1999. Hún hefur hing-



Fríða Jónsdóttir rekur verslunina Fríða skartgripahönnun á Strandgötu í Hafnarfirði.

að til fengið innblástur úr nærumhverfi sínu við sjóinn í Hafnarfirði, þar sem notaðir eru vélahlutir, þang, ígulker og fleira.



Chantal Thomas með dúkkuna sem hún hannaði þetta árið. NORDICPHOTOS/AFP

**Dúkkur boðnar upp fyrir börnin í Darfur**

CHANTAL THOMAS ÁSAMT FLEIRUM TÍSKUHÖNNUÐUM HEFUR HANNAÐ DÚKKU SEM BOÐIN VERÐUR UPP OG ÁGÓÐINN RENNUR TIL GÓÐGERÐAMÁLA.

Franski tiskuhönnuðurinn Chantal Thomas hefur hannað dúkku til styrktar UNICEF í París á hverju ári síðan 2001. Nú hefur hann enn á ný hannað sérstaka dúkku sem verður ein af áttatíu sérhönnuðum dúkkum sem verða til sýnis á Petit Palais í París frá 10. til 15. nóvember sem hluti af UNICEF-uppákomunni „Frimousses de Createurs“. Dúkkurnar eru hannaðar af frægum tiskuhönnuðum á borð við Armani, Gucci og Dolce Gabbana.

Dúkkurnar verða boðnar upp 19. nóvember af uppboðshúsinu Drouot í París. Ágóðanum verður varið í að bólusetja börn í Darfur.



**galleri sautján**

Full búð af spennandi vörum  
Góð verð

**gs skór**

nýjar vörur



BLINK 9.990



BLINK 11.990



DR.MARTENS 24.990



ANCLEMAN 13.990



BRONX 28.990

galleri sautján

gs skór

eva

**gallerihúsið**

Laugavegi 91 - www.ntc.is

Kíktu á ntc.is og fylgstu með öllu því nýjasta

P ATH. Næg bilastæði í bilastæðahúsinu á móti